



Bæjarráð Hafnarfjarðar  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

Kópavogi 9. október 2013

**Efni: Nýr samstarfssamningur um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.**

Á fundi stjórnar SSH 7. október 2013 var fjallað um tillögu að nýjum samstarfssamningi um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Tillagan var unnin í kjölfar niðurstöðu sérstakrar stjórnarsýsluúttektar á rekstri skíðasvæðanna og í samræmi við samþykkt stjórnar SSH hinn 10. desember 2012 og 4. mars 2013.

Í þessari tillögu að nýjum samstarfssamningi er brugðist við ábendingum úr stjórnarsýsluúttektinni og stjórnarsýslu reksturs skíðasvæðanna breytt til einföldunar. Gert er ráð fyrir sérstökum eigendavettvangi vegna reksturs skíðasvæðanna ( gr. 2.1. ) og að daglegur rekstur skíðasvæðanna verði á vegum ÍTR skv. sérstökum þjónustusamningi þar um ( gr. 2.4. )

Lagt er til að samningurinn gildi í 3 ár. Í því sambandi er horft til þess að framundan er vinna við frekari stefnumótun um framtíðarskipan reksturs skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins í ljósi stöðu Bláfjallasvæðis og vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins.

Stjórn SSH telur að fyrirliggjandi tillaga að samstarfssamningi vegna reksturs skíðasvæðanna mæti þeim ábendingum og athugasemdum sem fram komu í stjórnarsýsluúttektinni, og að með honum sé skapaður skynsamlegur rammi utan um þetta samstarfsverkefni sveitarfélaganna næstu 3 árin.

Stjórnin samþykkti að senda tillöguna til aðildarsveitarfélaganna til afgreiðslu

Virðingarfyllst,

Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson

Meðfylgjandi:

Tillaga að samstarfssamningi sveitarfélaga um rekstur skíðasvæða hb.svæðisins  
Fundargerðir stjórnar SSH 10. desember 2012 og 4. mars 2013